

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi Innbæjar.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 10. ágúst 2022 breytingu á deiliskipulagi fyrir Innbæ.

Breytingin tekur til lóðarinnar Hafnarstrætis 2 og felur í sér að skilgreindur er nýr byggingarreitur fyrir bílgeymslu. Reiturinn er 1,5 m frá lóðarmörkum og innan hans er heimilt að reisa bílgeymslu allt að 4,3 m á breidd, 7,2 m að lengd og með rishæð allt að 4 m. Samhliða eykst nýtingarhlutfall lóðarinnar úr 0,677 í 0,796.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 31. október 2022,

María Markúsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfudagur: 11. nóvember 2022